



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 13. nóvember 2017

Ákvörðun nr. 39/2017

Kaup Stjórnugríss hf. og Stjórnueggja hf. á fasteignum og jörðum Gjáholts ehf.

I. Samrunatilkynningin og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 28. apríl 2017, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Stjórnugríss hf. (hér eftir Stjórnugrís) og Stjórnueggja hf. (hér eftir Stjórnuegg) á nánar tilgreindum eignum Gjáholts ehf. (hér eftir Gjáholt). Með bréfinu fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Til að meta samkeppnisleg áhrif samrunans tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum með bréfi, dags. 19. maí 2017, að það teldi nauðsynlegt að krefjast lengri tilkynningar vegna samrunans. Væri það gert á grundvelli 2. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 6. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008, sbr. síðari breytingar á þeim reglum. Í kjölfarið, þann 2. júní 2017, barst Samkeppniseftirlitinu viðauki við samrunaskrá ásamt viðbótargögnum. Með bréfi dags. 6. júní 2017 var samrunaaðilum tilkynnt að með framangreindu bréfi teldist samrunatilkynningin fullnægjandi. Í ljósi þess byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008, að líða frá og með 6. júní 2017.

Með bréfum Samkeppniseftirlitsins dags. 7. júlí 2017 var samrunaaðilum tilkynnt að eftirlitið teldi ástæðu til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Mál þetta hefur sætt ítarlegri rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Hefur eftirlitið aflað gagna og sjónarmiða frá samrunaaðilum. Jafnframt hefur eftirlitið aflað gagna frá keppinautum, öðrum hagsmunaaðilum, Matvælastofnun og Tollstjóra. Að því marki sem upplýsingar og athugasemdir þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu málsins er þeirra getið sérstaklega þar sem það á við.

Andmælaskjal var birt samrunaaðilum þann 25. september 2017 þar sem Samkeppniseftirlitið upplýsti samrunaaðila um þá frumniðurstöðu að samruni þessa máls væri skaðlegur samkeppni, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Var samrunaaðilum gefið færi á að tjá sig um efni andmælaskjalsins og var þeim veittur frestur til 10. október 2017.



Sjónarmið samrunaaðila bárust með bréfi, dags. 10. október 2017. Í athugasemdum voru færð ýmis rök fyrir því mati samrunaaðila að frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins um samkeppnishamlandi áhrif samrunans væri röng.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila, dags. 13. október sl., var þeim tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði ákveðið að framlengja frest til töku endanlegrar ákvörðunar í málinu um 20 virka daga, til þess að afla frekari upplýsinga og sjónarmiða, með tilliti til framkominna athugasemda samrunaaðila. Í kjölfarið aflaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga og gagna.

II. Samruninn og aðilar hans

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að með kaupsamningi, dags. 20. mars 2017, hafi Stjörnugrís keypt Brautarholt 2, 3, 7, 8 og 10 af Gjáholti. Þá hafi Stjörnuegg jafnframt með kaupsamningi sama dag keypt Brautarholt 5, Stafholtsveggi II og jörðina Brautarholt í Borgarbyggð.

Í samrunatilkynningu kemur fram að Gjáholt sé fasteignafélag, stofnað af Geysi Fjárfestingafélagi ehf. (hér eftir Geysir) og Bala ehf. (hér eftir Bali). Þar kemur einnig fram að eignarhlutur hvors félags um sig í Gjáholti hafi verið 50%. Samkvæmt samrunaskrá var allt hlutafé Gjáholts þó tekið yfir þann 13. janúar 2017 af veðhafa vegna vanefnda.

Í samrunaskrá kemur fram að megin tilgangur Gjáholts sé kaup og sala fasteigna, jarða og lóða. Þar segir að félagið hafi haldið utan um kaup á jörðinni/lögbýlinu Stafholtsveggjum II í Borgarfirði snemma á árinu 2014. Á Stafholtsveggjum II séu tvö alifuglahús ásamt hlöðu, en stærð húsanna sé samtals 1.674 fermetrar. Jörðin Brautarholt í Borgarbyggð sé húslaus jörð úr landi Stafholtsveggja alls 147,4 hektarar að stærð. Þá kemur jafnframt fram í samrunaskrá að árið 2014 hafi félagið gert kaupsamning við Arion banka hf. um kaup félagsins á fasteignum og jörðum að Brautarholti nr. 2, 3, 5, 7, 8 og 10 á Kjalarnesi.

Samkvæmt samrunaskrá var Gjáholt systurfélag Brúneggja ehf. (hér eftir Brúnegg). Fyrir liggur að félagið Brúnegg hefur verið tekið til gjaldprotaskipta en stjórn félagsins lagði fram beiðni þess efnis til Héraðsdóms Reykjavíkur þann 2. mars 2017. Var sú beiðni samþykkt með úrskurði þann sama dag. Áður en félagið var úrskurðað gjaldþrota var bústofn félagsins þó seldur til Gjáholts.¹ Í samrunaskrá kemur fram að tilgangur Brúneggja samkvæmt samþykktum félagsins hafi verið fólgin í landbúnaði og annarri matvælaframleiðslu o.fl. Brúnegg hafi einkum starfað við framleiðslu á svokölluðum brúneggjum sem hafi af fyrirsvarsmönnum félagsins verið markaðsett sem vistvæn egg. Fyrirtækið hafi orðið fyrir miklum ímyndarlegum skaða sem hafi leitt til þess að allar helstu dagvöruverslanir landsins hafi lýst því opinberlega yfir að þær væru hættar viðskiptum við félagið, auk þess sem keppinautur fyrirtækisins hafi lýst því yfir að hann væri hættur að

¹ Sjá frétt: <http://www.ruv.is/frett/fuglar-bruneggja-komnir-i-eigu-krofulhafa>.



kaupa af fyrirtækinu egg, sem hann hafi áður gert. Í kjölfarið hafi Brúnegg lent í miklum greiðsluferfiðleikum með framangreindum afleiðingum.

Í samrunaskrá kemur fram að Stjörnugrís sé hlutafélag sem stofnað hafi verið árið 1967. Samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur þess búrekstur og landbúnaður o.fl. Stjörnugrís starfræki svínabú á nokkrum stöðum á landinu, þ. á m. á Kjalarnesi, í Melasveit, á Sléttabóli, í Brimnesi, á Gili og á Bjarnastöðum. Á starfstöðvum sínum rækti félagið svín en annist jafnframt slátrun þeirra auk vinnslu og sölu á afurðum.

Í samrunaskrá kemur fram að Stjörnuegg sé hlutafélag sem stofnað hafi verið árið 1991. Samkvæmt samþykktum félagsins sé tilgangur þess búrekstur og landbúnaður o.fl. Stjörnuegg stundi hefðbundna eggjaframleiðslu, einkum á starfstöð sinni á Vallá á Kjalarnesi og selji afurðir sínar undir eigin merkjum.

Meðal þeirra eigna sem Stjörnugrís kaupir með framangreindum kaupsamningi er svínahús að Brautarholti 10 sem hýsir eldisgrísi. Fyrir liggur að fyrirtækið Höndlun ehf. (hér eftir Höndlun) hefur umrætt húsnæði til leigu þar sem það starfrækir svínaeldi í samkeppni við Stjörnugrís en í gildi er leigusamningur milli félagsins og Gjáholts sem gildir til 1. desember 2019. Þá hefur Stjörnugrís síðastliðin ár haft hluta af umræddu húsnæði til leigu fyrir hluta af svínaeldi félagsins.

Meðal þeirra eigna sem Stjörnuegg kaupa með framangreindum kaupsamningi eru hæsnahús að Brautarholti 5 og Stafholtsveggjum II. Um er að ræða húsnæði er hýsti hluta af eggjaframleiðslu Brúneggja. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá starfrækir Gjáholt enn eggjaframleiðslu í umræddum húsum og samhliða kaupunum hefur félagið undirritað samninga við Stjörnuegg um leigu á umræddum húsum til 30. apríl 2019.

Í samrunaskrá kemur fram að tilgangur samrunans sé að hluta til að nýta húsakostinn til þess að mæta auknum kröfum stjórnvalda um aðbúnað og velferð dýra.

III. Niðurstaða

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Tilgangur þess að skilgreina markaði í samrunamálum er að greina á kerfisbundinn hátt það samkeppnislega aðhald sem hið sameinaða fyrirtæki býr yfir. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Hvað starfsemi Stjörnugríss varðar helgast sá markaður sem félagið starfar á, að mati samrunaaðila, við framleiðslu, slátrun, vinnslu og sölu svínaafurða. Hvað starfsemi Stjörnueggja varðar þá kemur fram í samrunaskrá að sá markaður sem félagið starfi á



einskorðist við framleiðslu og sölu á eggjum. Þá telja samrunaaðilar að hinir landfræðilegu markaðir vörumarkaða málsins séu landið allt.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að markaðir málsins séu eftirfarandi:

- Markaður fyrir framleiðslu og sölu á hænueggjum.
- Markaður fyrir svínarækt eða markaður fyrir sölu á grísum til slátrunar.
- Markaður fyrir slátrun á grísum eða markaður fyrir sölu á slátruðum grísum.

Þá er það einnig mat Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegir markaðir á skilgreindum vörumörkuðum málsins séu landið allt.

Fjallað var um framangreinda markaði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2011, *Samruni Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.* Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2011, *Búvangur o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu* var framangreind ákvörðun felld úr gildi og málinu vísað aftur til Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfarið tók eftirlitið nýja ákvörðun nr. 27/2011, *Yfirtaka Stjórnugríss hf. á eignum Rekstarfélagsins Brautar ehf. og LS2 ehf.* Byggði sú ákvörðun á sömu markaðsskilgreiningum og hin fyrri. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að kaup Stjórnugríss hf. á fasteignum að Brautarholti og kaup á bústofni Rekstrarfélagsins Brautar ehf. fælu í sér röskun á samkeppni. Með heimild í 17. gr. c. samkeppnislaga ógilti Samkeppniseftirlitið samrunann. Áfrýjunarnefnd staðfesti þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði í máli nr. 7/2011, *Arion banki hf. og Stjórnugrís hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Málið fór fyrir dómstóla sem staðfestu úrskurð áfrýjunarnefndar, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 8. nóvember 2012 nr. 277/2012.

1.1 Hlutdeild á markaði fyrir sölu á hænueggjum

Stærstu framleiðendur hænueggja á Íslandi eru Stjörnuegg og Nesbúegg. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um tekjur vegna sölu á eggjum frá öllum aðilum á markaðnum. Miðað við þær upplýsingar var markaðshlutdeild aðila á markaði eftirfarandi árin 2015 og 2016:

Tafla 3. Markaðshlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á hænueggjum árið 2016 miðað við heildartekjur af eggjasölu án vsk.

	2015	2016
Stjörnuegg	[30-35]%	[30-35]%
Brúnegg	[15-20]%	[15-20]%
Nesbúegg	[30-35]%	[35-40]%
Aðrir	[15-20]%	[10-15]%

Fyrir liggur að félagið Brúnegg var úrskurðað gjaldþrota þann 3. mars 2017, en áður en það var gert tók Gjáholt yfir rekstur búansins. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum hefur sú starfsemi sem áður var á hendi Brúneggja dregist töluvert saman. Þannig er ekki lengur nein starfsemi á fyrrverandi uppeldisbúum Brúneggja að Grjóteyri og í Eilífsdal í Kjós. Þá er engin starfsemi á fyrrum stofnbúi Brúneggja að Minna Mosfelli. Að lokum er ekki heldur starfsemi í fyrrum varphúsum Brúneggja að Teigi í Mosfellsbæ. Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá samrunaaðilum höfðu Brúnegg unnið að því árið 2016 að útbúa



húsnæðið að Brautarholti 5 fyrir varphænur en til stóð að útbúa aðstöðu til að halda 21 þúsund varphænur í húsnæðinu. Þau áform gengu þó ekki eftir en samkvæmt samrunaaðilum var þó fimmtungur af rýminu að Brautarholti 5 tekið til notkunar þann 16. desember 2016 og hýsir nú hluta af varphænum Gjáhólts. Þá fer ennþá fram eggjaframleiðsla að Stafholtsveggjum II.

Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá Matvælastofnun um hámarksfjölda varphæna sem leyfilegt er að halda hjá öllum eggjaframleiðendum. Telur Samkeppniseftirlitið að þessar upplýsingar gefi vísbendingar um núverandi hlutdeild Gjáhólts á markaðnum. Miðað við upplýsingar frá Matvælastofnun um leyfilegan fjölda varphæna aðila á markaðnum við lok árs 2016 er markaðshlutdeild aðila á markaði eftirfarandi:

Tafla 4. Markaðshlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á hænueggjum árið 2016 miðað við hámark varphæna

Fyrirtæki	Hámark varphæna	Hlutdeild
Stjörnuegg	[...]	[40-45]%
Gjáholt/Brúnegg ²	[...]	[5-10]%
Nesbúegg	[...]	[35-40]%
Aðrir	[...]	[15-20]%
Samtals	[...]	[100]%

1.2 Hlutdeild á markaði fyrir svínarækt

Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sundurliðuðum upplýsingum um tekjur þeirra aðila er starfa á umræddum markaði. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þær upplýsingar veiti ekki rétta mynd af stöðu á markaðnum þar sem sum fyrirtæki á markaðnum eru lóðrétt samþætt að einhverju leyti. Verðlagning á milli sölustiga er því ekki í öllum tilvikum áreiðanleg vísbending um markaðshlutdeild. Fyrir liggur að Stjórnugrís starfar bæði við svínarækt, slátrun á svinum og kjötvinnslu. Þá starfar Langisjór bæði við svínarækt og kjötvinnslu. Við meðferð fyrri mála hjá Samkeppniseftirlitinu hefur Stjórnugrís byggt á því að heppilegra sé að miða við framleitt magn af kjöti en fjölda gylna þar sem vera kunni að einhverjir svínabændur haldi gylnur til óskilgreindra nota. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2011, *Samruni Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.* var tekið undir sjónarmið samrunaaðila í því máli um að upplýsingar um tekjur gætu orðið til þess að skekkja matið á markaðshlutdeildinni.

Tafla 5. Markaðshlutdeild á árunum 2015 og 2016 miðað við framleitt magn í tonnum.

Svínabú	2015	2016
Stjórnugrís	[45-50]%	[50-55]%
Höndlun	[10-15]%	[5-10]%
Pálmholt	[0-5]%	[0-5]%
Langisjór	[10-15]%	[10-15]%
Búvangur	[0-5]%	[0-5]%



Grís og flesk	[0-5]%	[0-5]%
Miðskersbúið	[0-5]%	[0-5]%
Ormsstaðir	[0-5]%	[0-5]%
Hlíð	[5-10]%	[10-15]%
Hagi	[0-5]%	[0-5]%
Samtals	100%	100%

Við meðferð málsins hafa samrunaaðilar gert athugasemdir við það að við mat á markaðshlutdeild á markaði fyrir svínarækt sé ekki tekið tillit til magns innfluttra afurða sem standi neytendum til boða með sama hætti og framleiðsla innlendra aðila.

Í þessu samhengi vísar Samkeppniseftirlitið til þess að í ákvörðun þess nr. 3/2011, var komist að þeirri niðurstöðu að innflutningur á svínakjöti á þeim tíma væri ónógur til þess að hafa áhrif á markaði málsins. Þessi skilgreining á mörkuðum þess máls var staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 277/2012. Helgaðist það af því að lagaumhverfið gerði innflutning á svínakjöti lítt fýsilegan. Boðnir voru reglulega út tollkvótar og var svínakjöt fyrst og fremst flutt inn af þeim sem hrepptu tollkvótana að undangengnu uppboði. Í ljósi þessa taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að hafa hliðsjón af innfluttu kjöti við mat á markaðshlutdeild aðila. Í því sambandi benti Samkeppniseftirlitið á að almennt væri innflutt kjöt í samkeppni við afurðir kjötvinnslustöðva en Stjörnugrís starfaði þá ekki á þeim markaði.

Við meðferð þessa máls hefur komið fram að innflutningur á svínakjöti hefur aukist talsvert frá því að framangreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var birt. Þannig voru aðeins flutt inn 99.722 kg. af svínakjöti árið 2010 en árið 2016 hafi magnið nærri tífaltast en þá voru flutt inn 975.763 kg. af svínakjöti. Þá hafa verið flutt inn 874.759 kg. af svínakjöti á fyrstu átta mánuðum þessa árs.

Tafla 6. Innflutningur á svínakjöti í kg. árin 2010 - 2017.

Ár	Heildarinnflutningur á svínakjöti í kg
2010	99.722
2011	318.445
2012	240.733
2013	406.194
2014	513.077
2015	559.037
2016	975.763
Fyrstu átta mánuðir ársins 2017	874.759

Heimild: Hagstofan

Þrátt fyrir þessa aukningu hafa reglur um útboð á tollkvótum vegna innflutnings ekki breyst. Að mati Samkeppniseftirlitsins er unnt að rekja aukinn innflutning á svínakjöti undanfarin ár að töluverðu leyti til skorts á tilteknum hlutum svínakjöts, einkum svínasíðum. Ljóst er því að enn eru miklar hömlur á innflutningi á svínakjöti og fyrir hendi eru skýrar reglur um



opnun tollkvóta þegar framboð á vöru er ekki nægjanlegt. Í tengslum við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá tollstjóra um innflutning á svínakjöti fyrir árin 2014, 2015, 2016 og fyrstu átta mánuði ársins 2017. Voru umræddar upplýsingar sundurliðaðar eftir tollskrárnúmerum, innflytjendum, magni, innkaupsverði o.s.frv. Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað var voru innlendar kjötvinnslur helstu innflytjendur svínakjöts á þessum árum en meðal annarra innflytjenda voru einnig heildsölur og dagvöruverslanir. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum frá þeim kjötvinnslum sem framleiða svínaafurðir á Íslandi. Var meðal annars spurt hvað ráði því hvort notað sé innlent kjöt eða innflutt við framleiðslu umræddra fyrirtækja á svínaafurðum. Í svörum félaganna kom fram að flestir þeirra kjósi frekar að nota íslenskt kjöt í afurðir sínar en innflutt og sumir nota eingöngu íslenskt kjöt. Þeir aðilar sem nota innflutt kjöt í afurðar sínar kváðust flestir gera það vegna skorts á íslensku hráefni, sérstaklega svínasíðum, sem notaðar eru til framleiðslu á beikoni. Þá nefndi einn aðili að sölusynjun frá Stjórnugrís árið 2016 hafi orðið til þess að bregðast hafi þurft við með auknum innflutningi.

Í athugasemdum sínum hafa samrunaaðilar bent á að nýr tollasamningur við Evrópusambandið hafi verið samþykktur og taki gildi um mitt næsta ár. Þegar hann komi til framkvæmda muni innflutningur aukast enn frekar og markaðshlutdeild innlendra framleiðenda í framhaldinu væntanlega dragast saman.

Í þessu samhengi vekur Samkeppniseftirlitið athygli á því að taki hinn nýi samningur gildi mun tollkvótinn hækka um 250 tonn og svo aftur um 250 tonn ári síðar. Þannig yrði heildartollkvóti á grundvelli samningsins 700 tonn á ári þegar samningurinn yrði kominn til framkvæmda að fullu. Þegar litið er til innflutnings árin 2016 og 2017 samsvarar þessi aukning þeim viðbótartollkvótum sem gefnir voru út þau árin. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ekki augljóst að hinn nýi tollasamningur við ESB muni í raun leiða til aukins innflutnings á svínakjöti.

Af framangreindri umfjöllun er ljóst að rekja megi að miklu leyti þá aukningu á innflutningi svínakjöts til þess að innlend framleiðsla hafi ekki annað eftirspurn markaðarins á tilteknum hlutum svínakjöts, sérstaklega á svínasíðum. Er þetta í samræmi við þau sjónarmið sem borist hafa frá aðilum er starfa við kjötvinnslu og nota innflutt svínakjöt í sínar framleiðsluvörur. Þannig nefnir einn umsagnaraðila að innflutningur á svínasíðum til Íslands samsvari því sem nemi heildarframleiðslu íslenskra aðila á svínasíðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins veitir það því ekki raunsanna mynd á markaðinum fyrir svínarækt að reikna með hlutdeild innflytjenda á hlutum svínakjöts sem hefðu ekki verið fluttir til landsins hefði innlend framleiðsla annað eftirspurn.

IV. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í máli þessu eru kaup Stjórnugrís og Stjórnueggja á fasteignum og jörðum Gjáholts til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruni þessi hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í 4. gr. laganna kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem



máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

1. Sjónarmið samrunaaðila um samkeppnisleg áhrif samrunans

Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki raska samkeppni og hafi engin skaðleg áhrif á neytendur. Markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við samrunann. Er það mat samrunaaðila að þau viðskipti sem kaupsamningarnir tveir fjalli um á umræddum fasteignum og jörðum muni ekki leiða til aukinnar markaðshlutdeildar Stjórnugríss og Stjörnueggja á þeim mörkuðum sem félögin starfi á, enda lúti hvorugur samningurinn að kaupum á rekstri, bústofni eða öðrum framleiðslutækjum Gjáholts eða Brúneggja, heldur einungis að fasteignum og jörðum.

Þá taka samrunaaðilar fram í samrunaskrá að þær jarðir eða jarðnæði sem kaupsamningarnir kveði á um geti ekki talist til framleiðslutækja, hvorki í hefðbundnum skilningi né í skilningi samkeppnisréttarins, enda hafi þær ekki verið nýttar í tengslum við rekstur á þeim mörkuðum sem hér um ræðir.

Byggja samrunaaðilar á því að Stjórnugrís sé ekki í markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem félagið starfar á og að kaupsamningur félagsins við Gjáholt leiði ekki til breytinga á þeirri stöðu. Samkeppnisleg áhrif kaupsamningsins séu því engin. Þar við bætist að leigusamningur við Höndlun um það svínahús í Brautarholti 10 sem kaupsamningur aðila tekur til sé í gildi. Þar stundi Höndlun svínarækt en félagið sé með öllu ótengt Stjórnugrís bæði hvað eignarhald og rekstur varði. Gangi kaupin eftir liggi fyrir, s.s. samkvæmt meginreglum leiguréttar og ákvæða húsaleigulaga nr. 36/1994, að Stjórnugrís muni yfirtaka réttindi og skyldur samkvæmt þeim leigusamningi sem renni út þann 1. desember 2019 og sé óuppsegjanlegur. Ekki liggi fyrir með hvaða hætti Stjórnugrís hyggist nýta sér svínahúsið að Brautarholti 10 að leigutíma loknum. Ætla megi að félagið muni nýta húsakostinn til þess að mæta auknum kröfum stjórnvalda um aðbúnað og velferð dýra.

Þá telja samrunaaðilar að það geti ekki talist fara gegn ákvæðum samkeppnislaga eða leiða til röskunar á samkeppni að aðilar á markaði kaupir fasteignir sem þeir sannanlega þurfi á að halda í rekstri sínum, svo sem vegna krafna opinberra aðila um aukinn húsakost í rekstri þeirra, þar sem óhjákvæmileg nýbygging sambærilegs húsnæðis myndi ekki undir neinum kringumstæðum leiða til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins. Að sama skapi fáist ekki séð að á slíkum fasteignakaupum sé neinn eðlismunur í skilningi samkeppnisréttarins á því að kaupin gangi eftir að þær fasteignir sem um ræði yrðu seldar á hrakvirði á nauðungarsölu, að líkindum til annars eða annarra aðila á mörkuðum sem um ræði. Gangi kaupin ekki eftir hljóti til slíkrar nauðungarsölu á fasteignunum að koma, enda hafi bú Brúneggja þegar verið tekið til gjaldþrotaskipta og ljóst að Gjáholt stefni í gjaldþrot komi ekki til eignasölu, líkt og að framan greini, þar sem félagið myndi að öðrum kosti ekki geta staðið við lánaskuldbindingar sínar sem að stærstu leyti séu þegar gjaldfallnar. Ljóst megi vera að við slíka nauðungarsölu myndi íhlutun samkeppnisyfirvalda engin verða.

2. Frummat í andmælaskjali

Í máli þessu er til skoðunar yfirtaka Stjórnugríss og Stjörnueggja á fasteignum og jörðum Gjáholts. Stjórnugrís og Stjörnuegg hafa um árábil verið atkvæðamikil hvort á sínu sviði í eldi á svínum og framleiðslu svínakjöts og dreifingu þess annars vegar og framleiðslu og dreifingu á eggjum hins vegar. Í eldri málum þar sem markaðir sem fyrirtækið starfar á



hafa verið til skoðunar hefur m.a. verið komist að þeirri niðurstöðu að Stjórnugrís væri með sterka stöðu á mörkuðum fyrir svínakjöt, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 8. nóvember 2012 nr. 277/2012.

Samruninn felur það í sér að Stjórnugrís og Stjórnuegg yfirtaka fasteignir og lóðir Gjáholts sem eru m.a. alifuglahús að Brautarholti 5 á Kjalarnesi og hæsnahús að Stafholtsveggjum II í Borgarbyggð. Hvað varðar framleiðslu á eggjum að Stafholtsveggjum II og Brautarholti 5 liggur fyrir að samhliða sölunni á eignunum gerði Gjáholt tímabundinn leigusamning við Stjórnuegg sem gildir til 30. apríl 2019. Er því fyrirséð að Gjáholt mun hætta eggjaframleiðslu sinni í þeim húsum fyrir þann tíma.

Einnig felur yfirtakan í sér kaup á Brautarholti 10 sem er svínahús sem fyrirtækið Höndlun (sem nú er í eigu Fóðurlöndunnar ehf.³) hefur til leigu fyrir svínarækt. Þessar eignir hafa verið nánar tilgreindar í töflum hér að framan. Þá er ljóst að Höndlun mun einungis hafa fasteignina að Brautarholti 10 til leigu í rúmlega tvö ár héðan í frá. Að þeim tíma liðnum má ætla að Stjórnugrís taki yfir fasteignirnar til eigin nota. Liggur einnig fyrir að félagið hafi nú þegar til leigu hluta af umræddu húsnæði undir eldisgrísi félagsins.

Fjallað er um starfsemi Höndlunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2017, *Samruni Fóðurlöndunnar hf. og Höndlunar ehf.* en fyrirtækið rekur svínabú að Hýrumel og Brautarholti 10. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á kaupum Fóðurlöndunnar á Höndlun komu fram þau sjónarmið í samrunaskrá, dags. 12. júní 2017, að í kjölfar samrunans myndi Fóðurlöndun reka búíð í óbreyttri mynd en skoða hvort hagkvæmara yrði að sækja um úreldingu á Hýrumel. Þar kom einnig fram að samningur um leigu á svínabúinu að Brautarholti 10 rynni út í desember 2019. Vegna þessa hafi verið sjálfgefið að draga myndi úr framleiðslu. Mögulegt yrði að reka svínabúíð að Hýrumel eftir 2019 sem eldisbú, kæmi til úreldingar.

Í framangreindri samrunaskrá kom fram að velta Höndlunar hafi [...]⁴ Í samrunaskrá kom fram að það hafi verið ætlun Fóðurlöndunnar að vinna ofan af rekstrinum, selja bústofninn, úrelða búíð og selja svo fasteignirnar. Þannig hafi félagið ætlað að fá sem mest verðmæti úr félaginu.

Í andmælaskjali kom fram það frummat Samkeppniseftirlitsins að í samrunanum fælist ekki tafalaus hækkun á markaðshlutdeild Stjórnugrís þar sem hann fæli ekki í sér kaup á þeim bústofni sem alinn er í svínahúsinu að Brautarholti 10. Stjórnugrís myndi eftir sem áður hafa yfir að ráða umræddu húsnæði þegar leigutímanum ljúki. Væri því fyrirséð að í kjölfar samrunans myndi Stjórnugrís hafa það í hendi sér hvort keppinauti sem var með [5-10]% hlutdeild á markaði fyrir svínarækt árið 2016 yrði gert kleift að halda áfram rekstri í svínahúsinu að Brautarholti 10. Þegar leigusamningurinn við Höndlun rynni út gæti Stjórnugrís nýtt umrætt húsnæði í sínum rekstri og þannig aukið sína framleiðslu á meðan töluverðar líkur yrðu á að aðili með [5-10]% hlutdeild myndi hverfa af markaði.

Var það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðshlutdeild Stjórnugrís myndi verða mun meiri en [50]% í kjölfar brotthvarfs Höndlunar af markaðnum í kjölfar samrunans.

³ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2017, *Samruni Fóðurlöndunnar ehf. og Höndlunar ehf.*

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



Keppinautar Stjörnugrís eru smáir og sá stærsti þeirra með um [10-15]% markaðshlutdeild á meðan Stjörnugrís er með [50-55]% hlutdeild. Í kjölfar samrunans, eftir að leigusamningur við Höndlun rennur út, myndi Stjörnugrís hafa yfir að ráða mun stærra húsnæði sem útbúið er til svínaeldis en keppinautar félagsins. Myndi það veita Stjörnugrís ákveðið forskot á markaði þar sem félagið myndi þess vegna eiga mun auðveldara en keppinautarnir með að auka framboð sitt.

Var það því frummat Samkeppniseftirlitsins miðað við framangreindar forsendur og þær almennu forsendur sem reifaðar eru hér að framan að yrði samruninn heimilaður myndi hann verða til þess að styrkja eða mynda markaðsráðandi stöðu Stjörnugrís á markaðnum fyrir svínarækt.

3. Ný upplýsingaöflun – breytingar á forsendum

Líkt og að framan greinir byggði frummat Samkeppniseftirlitsins á því að samruninn myndi hafa þau áhrif að Stjörnugrís næði yfirráðum yfir fasteign sem væri forsenda áframhaldandi reksturs keppinautar með [5-10]% hlutdeild á markaði fyrir svínarækt. Þannig hyrfi viðkomandi aðili af markaði fyrir svínarækt í kjölfar samrunans.

Í framhaldi af sjónarmiðum sem bárust við andmælaskjalið aflaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga og gagna. Meðal annars taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að óska nánari upplýsinga um stöðuna á rekstri Höndlunar í kjölfar fyrrgreindrar ákvörðunar nr. 31/2017, í því skyni að fá staðfest að forsendur þess rekstrar væru í samræmi við upplýsingar sem gefnar voru undir rekstri þessi máls, sbr. framangreint. Í símtali við forstjóra Fóðurlöndunnar, eiganda Höndlunar, þann 3. nóvember sl., kom fram að tekist hafi að bæta rekstur félagsins á undanförunum mánuðum. Aðspurður um hvaða áhrif það kynni að hafa á rekstur félagsins þegar leigusamningur um Brautarholt 10 rennur út í lok árs 2019 nefndi hann að ýmsir möguleikar væru á því að finna nýtt húsnæði fyrir eldisgrísi félagsins.

Með tölvupósti til forstjóra Fóðurlöndunnar, dags. 6. nóvember 2017, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir staðfestingu á því að framangreind tilvitnun í samtal hans við starfsmann eftirlitsins hafi verið rétt. Þá var jafnframt óskað eftir svari við því hvort leggja mætti þann skilning í framangreint að engin ákvörðun lægi fyrir á þessu stigi um að vinda ofan af rekstri Höndlunar, selja bústofninn eða grípa til annarra aðgerða sem miði að því að leggja niður þann rekstur sem Höndlun hafi nú með höndum, áður en leigusamningurinn um Brautarholt 10 renni út. Þannig væri leigusamningurinn ekki forsenda fyrir áframhaldandi rekstri búsis. Væri framangreindur skilningur réttur óskaði Samkeppniseftirlitið jafnframt nánari sjónarmiða um hvort að mati Fóðurlöndunnar væri raunhæft að tími myndi vinnast til að koma rekstrinum í annað húsnæði áður en leigusamningur um Brautarholt 10 rynni út í lok árs 2019.

Bárust svör frá Fóðurlöndunni með tölvupósti, dags. 7. nóvember 2017. Þar kom fram að staðan á rekstri Höndlunar hafi batnað til muna frá yfirtöku. Í undirbúningi væri að finna Höndlun nýtt eldishúsnæði og að það yrði tekið í notkun áður en leigusamningur við Gjáholt rynni út. [...] ⁵ Miðað við stöðuna í dag og stefnu stjórnenda Höndlunar þá væri raunhæft

⁵ Felld út vegna trúnaðar.



að ná því að koma rekstrinum í annað húsnæði áður en leigusamningur um Brautarholt 10 rynni út.

Líkt og áður greinir er ljóst að staða Stjórnugríss á mörkuðum fyrir svínarækt og slátrun svína er mjög sterk. Í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hefur verið aflað frá núverandi rekstaraðilum Höndlunar, er það þó mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé lengur hægt að líta svo á að samruninn muni leiða til þess að Höndlun hverfi af markaði fyrir svínarækt. Af þeim sökum hefur Samkeppniseftirlitið ekki lengur forsendur til þess að leggja til grundvallar að samruninn muni hafa í för með sér styrkingu á markaðsráðandi stöðu Stjórnugríss á markaði fyrir svínarækt. Þá hefur heldur ekki verið leitt í ljós að samruninn muni hafa þau áhrif í för með sér að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er jafnframt ljóst að staða Stjörnueggja á markaði fyrir framleiðslu á eggjum er einnig mjög sterk. Með samrunanum eignast Stjörnuegg húsnæði að Stafholtsveggjum II og Brautarholti 5 er nú hýsir framleiðslu Gjáhólts á eggjum. Líkt og að framan greinir hefur sú starfsemi er áður var á hendi Brúneggja dregist töluvert saman. Er því ljóst að þegar hefur orðið talsverð samþjöppun á markaði fyrir sölu á eggjum. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður sú samþjöppun ekki rakin til þessa samruna.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans verður að mati Samkeppniseftirlitsins einnig að líta til þess að við meðferð málsins hafa samrunaaðilar lýst því yfir að þeir hyggist selja húsnæðið að Stafholtsveggjum II og þ.a.l. ekki nýta það fyrir starfsemi Stjörnueggja. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá má þó ætla að Stjörnuegg muni eftir sem áður nýta húsnæðið að Brautarholti 5 fyrir starfsemi sína. Við mat á áhrifum þess telur Samkeppniseftirlitið rétt að líta til þess að aðeins fimmtungur af húsnæðinu hefur verið innréttaður fyrir varphænur og er aðeins sá hluti húsnæðisins nýttur í starfsemi Gjáhólts. Þá var húsnæðið fyrst tekið til notkunar í desember 2016 og hýsir aðeins um [...] ⁶ af varphænum Gjáhólts.

Að öllu framangreindu virtu og einkum í ljósi nýrra upplýsinga er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki eru forsendur til að hafast frekar að vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

V. Ákvörðunarorð

„Kaup Stjórnugríss hf. og Stjörnueggja hf. á eignum Gjáhólts ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.



Páll Gunnar Pálsson